

27. Fulltrúabing SLFÍ, 15. maí, 2018, kl. 9:00

1. Þingsetning:

Kristín Á Guðmundsdóttir setti þingið. Kristín sagði frá því að í dag væri nýr hátíðafáni félagsins tekinn í notkun og færði Jóhönnu Traustadóttur þakkir fyrir að hafa séð um öll samskipti varðandi gerð fánans.

2. Kosning starfsmanna þingsins:

Kristín Á Guðmundsdóttir bar upp tillögu stjórnar um forseta þingsins og ritara.

Forsetar: Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ og Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFÍ.

Ritarar: Jakobína Rut Daníelsdóttir, sjúkraliði og Birna Ósk Björnsdóttir, starfsmaður á skrifstofu SLFÍ.

Aðrar tillögur bárust ekki og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

3. Nafnakall þingfulltrúa:

Hulda Birna Frímansdóttir, formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall.

4. Formannskjöri lýst:

Hulda Birna Frímansdóttir, formaður kjörstjórnar, fór yfir formannskjör og bauð að því loknu Söndru Bryndísardóttur Franks, réttkjörinn formann SLFÍ, velkomna í ræðustól. Sandra sagði að sér væri þakklæti efst í huga, bæði fyrir góðan stuðning í kosningunni og fyrir góðar móttökur starfsfólks á skrifstofu, félagsstjórnar og fráfarandi formanns. Hún sagði að í samtölum sínum við sjúkraliða í kosningabaráttunni hefði hún fundið fyrir samræmi í hugmyndum sínum við huga sjúkraliða. Við viljum vera sýnileg í samfélaginu, að störf okkar séu metin að verðleikum, njóta framgangs í starfi, að eftir vinnuframlagi okkar sé tekið. Við viljum að starfsumhverfi okkar sé fjölskylduvænna, styrkja samvinnu við aðrar stéttir, hafa aðgang að framhaldsnámi, fá réttlát laun og góð lífeyrisréttindi. Við erum að horfa í sömu átt. Sandra sagðist lofa að gera sitt besta til að leiða félagið til góðra verka.

5. Kosið í starfsnefndir þingsins:

Kristín Ólafsdóttir raðaði fundargestum í starfsnefndir til að vinna með ályktanir þingsins.

6. Skýrsla formanns:

Kristín Á Guðmundsdóttir fjallaði um prentaða ársskýrslu sem liggur frammi. Kristín vildi byrja á að óska nýjum formanni góðra heilla og fór að því loknu yfir starfsemi félagsins. Í skýrslunni kemur fram að það er mikil virkni í félaginu, margar nefndir starfandi með mismikla vinnu. Sjóðir félagsins standa vel, og í skýrslum félagsdeildanna kemur fram að þær eru vel virkar. Einnig nefndi Kristín aðild félagsins að bandalögum, s.s BSRB og erlent samstarf s.s EPN. Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Reikningar félagsins:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri félagsins fór yfir og skýrði:

Ársreikninga félagsins: félagssjóðs, vinnudeilu- og verkfallssjóðs, minningarsjóðs, starfsþróunarsjóðs.

Reikningar orlofssjóðs: Gunnar Örn Gunnarsson fór yfir.

Starfsmenntasjóður: Jóna Jóhanna Sveinsdóttir fór yfir.

Reikningar bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða.

8. Tillögur að lagabreytingum:

Freydís Anna Ingvardóttir, í laganefnd, ber fram tillögu um að gera orlofssjóð sjálfstæðan og að bætt verði inn grein um hann í lög um sjóði félagsins.

Gunnar Örn, frkvstj SLFÍ, útskýrði nánar: Sjóðurinn þarf að hafa sérstaka kennitölu, tilgangurinn er að verja sjóðinn þannig að ekki sé hægt að ganga á hann ef illa fer fyrir öðrum sjóðum.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

9. Kosning til stjórnar:

Jóhanna Traustadóttir, formaður uppstillinganefndar, kynnti tillögur nefndarinnar um stjórn félagsins.

Engar aðrar tillögur bárust og tillaga uppstillingar því borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafnmargra til vara:

Jóhanna Traustadóttir, formaður uppstillinganefndar kynnti tillögur nefndarinnar. Engar aðrar tillögur komu fram og voru tillögur nefndarinnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

11. Unnið í starfsnefndum:

Fimm starfsnefndir funda um ályktanir þingsins.

Matarhlé

12. Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri kynnti tillögu félagsstjórnar um félagsgjöld: Lagt er til að:

-stéttarfélagsgjöld verði óbreytt frá fyrra ári, 1.4 % af öllum launum

-fagfélagsgjöld verði óbreytt, 10.000 kr. fyrir árið 2018

-stéttarfélagsgjöld hvers sjúkraliða verði að hámarki 88.000 kr.

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jóna fór yfir fjárhagsáætlun félagsins og svaraði spurningum úr sal um framlag til BSRB og hluti sjóða í skrifstofukostnaði.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt.

Gunnar Örn kynnti fjárhagsáætlun orlofssjóðs. Hugmyndir hafa komið fram um að selja Safamýrina og kaupa stærri íbúð. Einnig á félagið lóð í Kiðjabergi. Umræða um að setja heitan pott við bústaðinn á Eiðum. Rætt um WiFi í bústaði. Rætt um bústaðinn í Munaðarnesi, sem þarfnast orðið endurnýjunar. Búið er að skrá þann bústað sem eign SLFÍ. Rætt um staðsetningu á heitum potti í Varmahlíð, hann er ekki í skjóli að sögn. Spurt um flugmiða. Fjárhagsáætlun orlofssjóðs borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

13. Tillögur, mál og nefndaálit tekin til umræðu og afgreiðslu:

Starfsnefndir:

Skortur á sjúkraliðum: Ragna Ágústsdóttir kynnti. Ályktun samþykkt.

Starfsumhverfið: Sigurlaug B.J. Fjeldsted kynnti. Umræður um orðalag. Starfshópurinn breytti orðalagi fyrstu setningunnar, gagnrýni kemur fram á það. Lagt er til að upphaflega orðalagið verði tekið inn. Tillaga um að vísa aftur til starfsnefndar, samþykkt.

Kjaramál: Jóna Jóhanna Sveinsdóttir kynnti. 5 ályktanir, lítillaga breytt orðalag frá fyrstu drögum. Samþykkt.

Menntamál: Hafdís Dögg Sveinbjörnsdóttir, lítillaga breytt orðalag frá fyrstu drögum. Samþykkt.

Almannatryggingakerfið: Hulda Birna Frímansdóttir. Lítils háttar breytingar á orðalagi. Tillaga kemur um að breyta yfirskrift í Velferðarmál. Tillagan samþykkt með þeirri breytingu.

14. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ (þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB):

Jóhanna Traustadóttir kynnir tillögur uppstillingaefndar í fastanefndir.

Allar tillögur nefndarinnar samþykktar.

Birna Ólafsdóttir kynnir tillögur um fulltrúa á BSRB þing og aðalfundi. Framkvæmdastjórn falið að finna fulltrúa á aðalfund BSRB nú í maí, í stað Kristínar Ólafsdóttur sem ekki á heimangengt.

Tillögurnar samþykktar.

15. Framhald umræðu um ályktanir:

Starfsnefnd um starfsumhverfi leggur fram endurskoðaða ályktun.

Borið undir atkvæði og samþykkt.

Fyrirspurn úr sal um styttingu vinnuvikunnar hvort þetta sé bara í orði en ekki á borði.

Gunnar Örn fór yfir hvað hefur verið að gerast varðandi þetta síðustu þrjú árin. Nú eru komin af stað tilraunaverkefni bæði hjá Reykjavíkurborg og ríki. En gengið hefur erfiðlega að fá vaktavinnufólk inn í þær tilraunir.

16. Kjaramál:

Kristín Á Guðmundsdóttir, ræðir um styttingu vinnuvikunnar. Þótt vinnuvika dagvinnufólks verði stytta þá þyrfti að stytta vinnuviku vaktavinnufólks enn meira. Ánægja er með að BSRB hefur að áskorun stjórnarmanna tekið þetta upp sem baráttumál og nú þegar orðið ágegn. Ýmsu er ólokið varðandi kjarasamninga fá því samið var árið 2015.

Bókun 8 um endurskoðun starfsmenntasjóðs ófrágengin.

Starfsþróunarsjóður: Þar á að vera fulltrúi frá ráðuneyti, en ekkert gengur með það.

Starfsmennt: Ýtt hefur verið á félagið að verða hluti af Starfsmennt, en við erum í góðum málum með okkar viðbótarfræðslu. Auk þess sem félagið þyrfti að greiða fyrir aðgang að Starfsmennt.

Ýmis ókláruð verkefni varðandi samstarfsnefndirnar: Nýjar starfslýsingar á Landspítalanum eru í vinnslu. Í ljós hefur komið að mikið ósamræmi er í röðun sjúkraliða á spítalanum, mörgum vanraðað, öðrum ofraðað. Mjög misjafnt eftir deildum. Starfsmat Reykjavíkurborgar skoðað. Fulltrúar spítalans hafa verið að kynna sér starfsmatskerfi sem heldur betur utan um heilbrigðisstéttir.

Á Austurlandi hafa stofnanasamningar verið skoðaðir og verið er að safna gögnum til að búa til nýja slíka og nýjar starfslýsingar.

Launaskriðstryggingin, verið að reyna að fá SFV að borðinu til að fá hana inn hjá þeim.

Nú eru friðartímar og áhersla á að láta kjarasamninginn halda út tímabilið.

17. Önnur mál:

Sandra B. Franks tók til máls og þakkaði fyrir frábært þing.

Þórdís S Hannesdóttir, formaður Deildar sjúkraliða með sérnám kom í pontu og færði fráfarandi og nýkjörnum formönnum blómvendi.

Kristín, fráfarandi formaður, afhenti Söndru blómvönd.

Blómvendir afhentir fráfarandi og verðandi formönnum frá Svanhvíti Jakobsdóttur forstjóra Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins.

Birna Ólafsdóttir fékk orðið og kvaddi Kristínu Á. Guðmundsdóttur, samstarfskonu sína til 32 ára.

18. Þingslit:

Kristín Áslaug Guðmundsdóttir ávarpaði alla félagsmenn í stéttinni sem hún hefur þjónað í 30 ár, með hjálp tækninnar þar sem fundinum var streymt. Hún fór yfir starf sitt fyrir félagið í 32 ár og það sem hefur áunnist á þeim tíma.

Kristín óskaði nýkjörnum formanni heilla og hamingju í starfi. Þakkaði samstarfsfólki, stjórnarkonum í fortíð og nútíð, Láru í eldhúsinu, forsetum þingsins og riturum og öllum sem hafa gert daginn svo farsælan sem raun ber vitni.

Að því loknu sleit hún þinginu.

Ritarar: Jakobína Rut Daníelsdóttir og Birna Ósk Björnsdóttir.